



Fundargerð

5. fundur menningar- og atvinnuráðs Reykjaneshæjar, haldinn hjá Markaðsstofu Reykjaness á Ásbrú, 22. janúar 2020, kl. 08:30

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Arnar Páll Guðmundsson, Eydís Hentze Pétursdóttir, Sigrún Inga Ævarsdóttir, Trausti Arngrímsson, Þórdís Ósk Helgadóttir forstöðumaður Súlunnar og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

* * *

1. Kynning á starfsemi Markaðsstofu Reykjaness og Heklu atvinnuþróunarfélags (2020010291)

Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum, verkefnastjórnarnir Þuríður H. Aradóttir Braun og Daníel Einarsson kynntu starfsemi Heklunnar atvinnuþróunarfélags, Markaðsstofu Reykjaness, og Reykjanes Geopark.

Heklunni er ætlað að vera leiðandi afl í uppbyggingu atvinnu og þróunar á Suðurnesjum með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum, efla hagvöxt, auka fjölbreytileika þeirra starfa sem í boði eru, skapa hagstæð skilyrði fyrir ný verkefni og tækifæri, kynna fjárfestingakosti og efla Suðurnes sem eftirsóttan búsetukost. 450 milljónir hafa komið á svæðið í atvinnuþróun árin 2015- 2019 í gegnum Sóknaráætlun Suðunesja.

Helsta hlutverk Markaðsstofu Reykjaness er að samræma markað- og kynningamál fyrir ferðaþjónustu á Reykjanesi. Einnig að þróa og styrkja ímynd Reykjaness sem áhugaverðan áfangastað.

Reykjanes Geopark er viðurkennt af UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Með því að vekja athygli á mikilvægum jarðminjum í sögu- og samfélagslegu samhengi, stuðlar Reykjanes Geopark að sterkari staðarvitund íbúa og styrkir þannig samband þeirra við svæðið.

Ráðið þakkar góða kynningu.

2. Húsnæðismál (2019110002)

Málinu frestað.

3. Flugvöllur í Hvassahrauni (2019060034)

Sigurgestur Guðlaugsson verkefnastjóri viðskiptaþróunar mætti á fundinn og kynnti minnisblað.



4. Starfsáætlun Súlunnar (2019120103)

Þórdís Ósk Helgadóttir forstöðumaður lagði fram starfsáætlun Súlunnar.

5. Styrkur frá Ferðamálastofu (2020010294)

Ferðamálastofa kynnti í lok árs 2018 að nýjar áherslur verði í rekstarstuðning upplýsingamiðstöðva. Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu er unnið að því að stofna áfangastaðastofur, ráðgert er að eitt af hlutverkum þeirra verði upplýsingamiðlun til ferðamanna. Á árinu 2020 hyggst Ferðamálastofa ráðstafa þeim fjármunum sem farið hafa til upplýsingamiðstöðva til markaðsstofa landshlutanna til að sinna upplýsingamiðlun hver á sínu svæði. Hverri markaðsstofu verður í sjálfsvald sett hvernig fjármunum er ráðstafað. Markaðsstofa Reykjaness mun halda áfram að veita styrk vegna ársins 2020 og endurskoða fyrirkomulagið fyrir árið 2021.

6. Menningarsjóður 2020 (2020010292)

Guðlaug María Lewis mætti á fundinn og fór yfir verkferil umsókna um menningastyrki. Þórdísi Ósk Helgadóttur forstöðumanni er falið að auglýsa menningarstyrki/þjónustusamninga sem fyrst. Umsóknarfrestur verður til 16. febrúar nk.

7. Slökkviliðssafn (2020010293)

Málinu frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30